

## AUGLÝSING

### um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2003.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að hámarki 0,68 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2003 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjäreftirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2003.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 696 frá 1. október 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. október 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*